

yfir 100 km/klst. Samkvæmt grundvallarreglu 13. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940 þykir því akstur ákærða umrætt sinn eiga að vera refsilaus. Samkvæmt því ber að sýkna hann af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Svo sem lýktir máls þessa hafa orðið, ber samkvæmt 1. mgr. 140. gr. laga nr. 74, 1974 að leggja allan kostnað vegna máls þessa á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hafsteins Baldvinssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 6.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jakob Kristjánsson, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Málskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hafsteins Baldvinssonar hrl., 6.000 krónur.

Mánudaginn 21. maí 1984.

Nr. 168/1984. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Þórði Jóhanni Eyþórssyni

(Sveinn Snorrason hrl.)

Manndráp.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu eftir 175. gr., 1. mgr., 1. tl., laga nr. 74/1974 með stefnu 27. júlí 1983. Hann krefst staðfestingar héraðsdóms, þó svo, að refsing verði þyngd. Verjandi krefst þess aðallega, að brot ákærða verði virt til viðurlaga eftir 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ágrip málsins barst Hæstarétti 8. febrúar sl.

Eftir uppsögu héraðsdóms beiddist ríkissaksóknari álits Lækna-ráðs um niðurstöður álitsgerðar Hannesar Péturssonar yfirlæknis um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða. Ráðið féllst á niðurstöður hans 12. janúar 1984.

Ákærði hefur sætt gæsluvarðhaldi samfleytt síðan 1. janúar 1983.

Skýrslur ákærða fyrir sakadómi og rannsóknarlögreglu og gögn máls að öðru leyti veita ekki ástæðu til að ætla, að Óskar Árni Blomsterberg hafi átt upptök að átökum í íbúðinni á Kleppsvegi 42 með því að gera sig líklegan til atlögu að ákærða.

Ummæli ákærða í eldhúsinu á Kleppsvegi 42 í áheyrn vitnanna Hafsteins Viðars Jenssonar og Sigurbjörns Gísla Aðalsteinssonar um, að hann ætlaði að drepa Óskar Árna Blomsterberg, taka hans á eldhúshnífnum og sú sérstaka launung, sem ákærði hefur játað að hafa viðhaft til að dylja handhöfn sína á honum, er hann fór úr eldhúsinu inn í stofuna til Óskars Árna, veita eindregna vísbendingu um, að þá hafi sú fyrirætlun búið með ákærða að vega Óskar Árna.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að refsing ákærða verði fangelsi í 14 ár. Rétt þykir samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, að gæsluvarðhaldsvist ákærða komi refsingu til frádráttar með fullri dagatölu.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 25.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þórður Jóhann Eypórsson, sæti fangelsi 14 ár, en gæsluvarðhaldsvist hans frá 1. janúar 1983 komi refsingu hans til frádráttar. Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, 25.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. júní 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 30. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birgi Þormar sakadómarar kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 267/1983: Ákærvaldið gegn Þórði Jóhanni Eypórssyni, sem tekið var til dóms 16. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 13. maí sl., á hendur „Þórði Jóhanni Eypórssyni, bifreiðarstjóra, Njörvasundi 40 í Reykjavík, fæddum þar í borg 20. ágúst 1957, fyrir að hafa aðfaranótt 1. janúar 1983, svipt Óskar Árna Blomsterberg, til heimilis að Selásbletti 11 A, Reykjavík, lífi þar sem þeir voru gestkomandi í stofu íbúðar á 4. hæð í fjölbýlishúsinu Kleppsvegi 42 í Reykjavík, með því að stinga hann með eldhúshníf fjórum stungum í bakið, þar af gengu þrjár á hol, og ein þeirra á kaf í hægra lungað, sem leiddi Óskar Árna á skammri stundu til dauða.

Verknaður ákærða telst varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

I.

Samkvæmt dagbók fjarskiptamiðstöðvar lögreglunnar í Reykjavík var beðið símleiðis um lögregluaðstoð að Kleppsvegi 42 í Reykjavík klukkan 5.25 hinn 1. janúar 1983. Kona, sem ekki sagði til nafns síns, bað um lögregluaðstoðina.

Lögregluþjónarnir Sigurður Gunnar Gunnarsson, Ásgarði 40, og Björn Jónsson, Geitlandi 12, voru staddir í lögreglubifreið á Reykjanesbraut við Álfabakka, er tilkynnt var til lögreglubifreiða, að maður hefði orðið fyrir hnífstungu í íbúð að Kleppsvegi 42. Lögreglumennirnir tveir hröðuðu sér á vettvang. Skömmu síðar var þeim tilkynnt, að sjúkrabifreið væri á leiðinni á staðinn.

Þegar lögreglumennirnir komu í anddyri hússins að Kleppsvegi 42, hittu þeir Hafstein Viðar Jensson, Meistaravöllum 35, og Helgu Moeiði Arnardóttur, Vorsabæ 3. Þau sögðu, að í íbúð á 4. hæð til vinstri lægi maður í blóði sínu. Lögreglumennirnir flýttu sér í íbúðina. Á leiðinni hittu þeir stúlku, sem kom hlaupandi á móti þeim. Stúlka þessi, Bryndis Snorradóttir, Breiðdagerði 29, vísaði þeim á Óskar Árna Blomsterberg, þar sem hann lá á bakinu í herbergi, sem er á vinstri hönd, þegar komið er inn úr forstofugangi íbúðarinnar. Óskar Árni lá að mestu á bakinu og að nokkru leyti á hægri hlið. Hægri hönd vísaði upp frá höfðinu, og hvíldi það að nokkru á hendinni. Hægri fótur var boginn um hné út frá hægri hlið líkamans,

en vinstri fótur beinn frá líkamanum. Höfuðið var fast að vegg á norðurhlið íbúðarinnar og fætur snéru í áttina að stofu. Óskar Árni var alblóðugur um vitin og mjög föllur í andliti. Hann var klæddur í frakka utan yfir annan fatnað. Björn Jónsson laut niður að honum og tók undir höfuð hans í þeim tilgangi að hagræða honum betur, en þá kom blóðgusa út úr munni hans. Kallaði Björn þá til Sigurðar Gunnars Gunnarssonar og bað hann að fara út í lögreglubífreiddina og kalla í talstöð, að sjúkralið hraðaði sér á vettvang. Rétt á eftir sá Björn út um glugga, að sjúkrabífreidd kom að húsinu. Þráinn Skúlason slökkviliðsmaður, Krummahólum 6, mætti Sigurði Gunnari í anddyri hússins og bað hann að aðstoða Stefán Steingrímsson slökkviliðsmann, Engihjalla 1 í Kópavogi, við að bera sjúkrakörfu. Strax og Þráinn kom á vettvang, athugaði hann, hvort lífsmark væri með Óskari Árna. Hann fann engan púls og greindi ekki neinn andardrátt. Stefán, sem kom örstuttu síðar, greindi heldur ekkert lífsmark með Óskari Árna. Þegar lögreglumönnunum og slökkviliðsmönnunum var ljóst orðið, að Óskar Árni væri látinn, var hringt á vakthafandi lækni á Slysadeild Borgarspítalans og lýst fyrir honum, hvernig ástatt væri. Læknirinn óskaði eftir, að haft yrði samband við næturlækni. Var það gert. Skömmu síðar kom næturlæknir, og úrskurdaði hann Óskar Árna látinn.

Er lögreglumennirnir komu í íbúðina sat, ákærði í stól skammt frá arni og byrgði andlitið í höndum sér. Um það leyti sem slökkviliðsmenn komu á vettvang, sat Bryndís Snorradóttir hjá honum og hélt utan um hann. Ákærði bar merki ölvunar. Hann var æstur og hló ýmist eða grét. Kristjana A. Jensdóttir, Kleppsvegi 42, sat þá í fatahengi íbúðarinnar. Hún var mjög áberandi ölvuð og óviðræðuhæf.

Hafsteinn Viðar Jensson skýrði Birni Jónssyni frá því, að hann hefði orðið vitni að því, er ákærði stakk Óskar Árna.

Eftir komu slökkviliðsmanna snéru lögreglumenn sér að því að vernda vettvang og taka niður nöfn á fólki. Jafnframt var óskað eftir frekari aðstoð lögreglumanna og að rannsóknarlögreglumenn yrðu kallaðir á staðinn.

Auk ákærða og þess fólks, sem nafngreint hefur verið, voru þau Elín Óladóttir, Sæviðarsundi 9, og Sigurbjörn Gísli Aðalsteinsson, Urðarbakka 20, í íbúðinni, þegar Óskar Árni var veginn.

Benedikt Helgi Benediktsson lögreglumadur, Kársnesbraut 109 í Kópavogi, var í hópi lögreglumanna, sem komu til aðstoðar þeim, sem fyrstir urðu á vettvang. Hann spurði fólkið þar um morðvopnið, en enginn kvaðst vita, hvar það væri.

Þórður Kristinn Kormásson lögreglumadur, Rauðalæk 26, sat við hliðina á ákærða á leiðinni á lögreglustöðina. Ákærði hafði orð á því, að þessi atburður hefði átt langan aðdraganda og væri um gamla óvild að ræða. Hann þráspurði, hvort maðurinn væri látinn, en fékk ekkert svar við því.

Hann grét á leiðinni á lögreglustöðina.

Allt það fólk, sem verið hafði í íbúðinni, þegar ákærði stakk Óskar Árna, var flutt í fangageymslu lögreglunnar. Það fékk að fara frjálst ferða sinna að loknum yfirheyrslum hjá rannsóknarlögreglu ríkisins síðar um daginn.

Jón Magnús Gunnarsson rannsóknarlögreglumaður reyndi að tala við ákærða nokkru eftir komu hans á lögreglustöðina. Það tókst ekki sökum ölvunar ákærða. Jón Magnús og Smári Sigurðsson rannsóknarlögreglumenn fluttu ákærða til yfirheyrslu í fangelsið að Síðumúla klukkan 16.20. Hann var í uppnámi, en kurteis. Á leiðinni spurði hann, hvernig manningum liði. Þegar hann frétti hið sanna í málinu, varð honum mjög brugðið, og sat hann hljóður eftir það á leiðinni í fangelsið. Við skoðun á líkama ákærða í fangelsinu sáust engir áverkar eða marblettir. Ekkert blóð var að sjá á fötum hans.

Ofangreind frásögn er byggð á skýrslum þeirra lögreglumanna, slökkviliðsmanna og rannsóknarlögreglumanna, sem nafngreindir hafa verið, og allir hafa borið vitni fyrir dómi.

Jóhann Þórður Eypórsson var að kvöldi hins 1. janúar úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt fram til 9. mars 1983. Hann hafði þá afdráttarlaust viðurkennt brot sitt bæði hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi. Gæsluvarðhaldsvist hans var síðar framlengd allt fram til föstudagsins 1. júlí 1983.

II.

Prófessor Ólafur Bjarnason, dr. med., framkvæmdi hinn 3. janúar 1983 réttarkrufningu á líki Óskars Árna Blomsterberg.

Í skýrslu hans segir m.a.:

— — —

„Ályktun:

Samkvæmt upplýsingum rannsóknarlögreglu og því sem fannst við krufninguna er ljóst að manningnum hefir verið ráðinn bani með því að stinga hann þrem hnífstungum í bakið og á hol. Fjórða hnífstungan hefir stöðvast á rífi. Efri stungan hægra megin hefir gengið á kaf í lungað og valdið mikilli blæðingu í brjósthol (1700 ml) og hefir sú stunga orðið manningnum að bana. Hann mun einnig hafa hóstað upp og kyngt einhverju magni af blóði sem komið hefir frá þessari stungu. Neðri stungan hægra megin hefir gengið í gegnum þind og lifur og valdið lítilsháttar blæðingu í kviðarhol. Önnur stungan vinstra megin hefir gengið á hol og sært lítilla brúnina á neðri lappa lungans og valdið lítilsháttar blæðingum þeim megin í brjósthol (10 ml).

Maðurinn hefir verið mjög ölvaður er hann lést.“

Smári Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður gerði vettvangsskýrslu. Verða nú rakin meginatriði skýrslunnar:

— — —

Svo sem fram kom í vettvangsskýrslu, fannst blóðugur brauðhnífur í skúffu með eldhúsáhöldum í eldhúsi íbúðarinnar. Lengd hnífsins er 29.2 cm, lengd hnífsblaðsins 14.9 cm, en breidd hnífsblaðs um miðju 1.5 cm. Hnífsskaftið er gróft og viðurinn ólakkaður. Haraldur Árnason rannsóknarlögreglumaður gerði sérfræðilega rannsókn á hnífnum. Ekki urðu greind fingraför á honum.

Haraldur Árnason tók myndir af vettvangi og af líki Óskars Árna þar að morgni hins 1. janúar 1983.

Ragnar Vignir, aðstoðaryfirlögregluþjónn í rannsóknarlögreglu ríkisins, tók myndir af fatnaði Óskars Árna og ritaði skýringar með myndunum. Þar kemur m.a. fram, að á skyrtu og jakka voru fjögur stungugöt að aftan. Á frakka voru sjö göt. Þrjú þeirra voru á baki hans. Eitt var undir vinstri ermi og annað framan og neðan við vinstri öxl. Gat var neðan við næst-neðstu tölu vinstra megin og annað neðan við neðstu tölu. Öll götin, að því síðastnefnda undanskildu, gengu inn úr fóðri.

Haraldur Árnason fékk uppdrátt af útveggjum íbúðarinnar hjá skrifstofu borgarverkfræðings í Reykjavík. Inn á hana teiknaði hann innréttingar, húsgögn og annað það, sem varðaði sakarefnið.

Loks tók Haraldur Árnason myndir í íbúðinni að Kleppsvegi, þar sem sviðsett var víg Óskars Árna eftir fyrisögn ákærða.

Allir framangreindir rannsóknarlögreglumenn hafa komið fyrir dóm og staðfest skýrslur sínar, myndir og uppdrátt.

Ákærða var tekið blóð til rannsóknar klukkan 7.45. Samkvæmt vottorði Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfjafræði, dagsettu 3. janúar 1983, reyndust vera 2.83‰ alkóhóls í blóðinu.

III.

Verður nú rakin frásögn ákærða um aðdragandann að atviki því, sem hann er nú ákærður fyrir. Jafnframt verður greint frá framburði vitna.

Fyrstu kynni ákærða og Óskars Árna Blomsterberg voru í slagsmálum við veitingahúsið Þórscafé, þegar ákærði var 16 ára gamall. Þeim ákærða varð sundurorða vegna stúlku þar á staðnum og ruku saman, og hafði ákærði að skella Óskari í gólfið. Nokkrir vinir Óskars komu aðvífandi og réðust að ákærða. Ásamt Óskari spökuðu þeir síðan í hann í nokkrar mínútur, þar sem hann lá á gólfinu, fyrst í nefið, síðan í bringspalirnar, þannig að hann náði ekki andanum, og um allt kviðarhol. Dyravörður stöðvaði strákana og tók ákærða fram í eldhús og þreif hann í framan. Ákærði segir þetta hafa verið hið lúalegasta, sem hann hafi lent í, þ.e. að Óskar

hafi með fulltingi þriggja vina sinna barið á honum, þar sem hann lá í gólfinu og þeir síðan hlegið að honum á eftir.

Ákærði hefur ekki getað nefnt nein vitni að atburði þessum.

Faðir ákærða, Jan Eypór Benediktsson, Njörvasundi 40, hefur verið spurður um þetta atriði fyrir dómi. Hann rámaði í það, að þegar ákærði var 16 ára, að því er hann taldi, heyrði hann eftir móður ákærða sögu um, að hann hefði lent í átökum í Þórscafé, en þar hafði hann lent í deilum við mann út af notkun á sæti. Deilurnar leiddu til þess, að ákærði lagði mann þennan. Þá komu kunningjar mannsins og spörkuðu í ákærða. Vitnið minnti, að ákærði hefði ekki viljað kæra þennan atburð til lögreglu vegna ótta um eftirköst, sem af því kynnu að hljóta. Vitnið kannaðist ekki við að hafa heyrt nafn Óskars Árna fyrr en um áramótin.

Á næstu árum eftir atburð þennan rakst ákærði einstaka sinnum á Óskar Árna af tilviljun á dansleikjum. Hann hafði fyrst um sinn fullan hug á að jafna málið með slagsmálum, en hugsaði síðan ekki meir um það. Eitt sinn er ákærði var í veitingahúsinu Klúbbnum með stúlku, sem hafði þekkt Óskar, rákust þau á Óskar af tilviljum. Stúlkan heilsaði Óskari, en ákærði mun hafa sagt: „Hvað ertu að þvælast með þessum asna?“

Ákærði rakst síðan ekki aftur á Óskar Árna í nokkur ár, þar til þeir hittust af tilviljun í desembermánuði sl. Ákærði hafði verið fenginn til þess að aka kjöti frá versluninni Víði til fyrirtækisins Kjöts og álegs við Smiðjustig, en eigandi þess er Marius Blomsterberg, faðir Óskars Árna. Óskar Árni tók á móti kjötinu og gekk í fyrstu vel að losa bilinn og yrtu þeir ekki á hvor annan. Er hins vegar kom að því að hreinsa bilinn, þá taldi ákærði að pappi, sem verið hafði til hlífðar kjötinu, ætti að fylgja kjötsendingunni, en Óskar Árni neitaði því og krafðist þess, að ákærði færi á brott með pappann. Af þessu spannst rifrildi milli þeirra. Ákærða fannst Óskar Árni „vera að spila sig stóran“ og gera ákærða fyriritlegan í augum samstarfsmanns. Á eftir fóru þeir inn á skrifstofuna, og að sögn ákærða neitaði Óskar Árni í fyrstu að greiða akstursreikninginn og dró í efa, að upphæðin væri rétt, en greiddi þó reikninginn að lokum. Ákærða fannst hann hafa verið niðurlægður og ákvað að aka ekki aftur fyrir þetta fyrirtæki.

Guðbjörg Erla Ingólfssdóttir skrifstofumaður til heimilis að Háagerði 53, fædd 15. apríl 1957 í Reykjavík, var gift ákærða frá 29. desember 1978, þar til þau fengu lögskilnað í mars 1982. Fyrir dómi hefur hún skýrt svo frá, að hún hafi kannast við Óskar Árna frá 13 ára aldri, en þó vart verið málkunnug honum. Hún kannast við að hafa heyrt ákærða segja frá því, að eitt sinn hefði Óskar Árni látið menn berja hann fyrir utan skemmtistað, en sjálfur staðið hjá og hlegið. Hún sagði, að þau ákærði hefðu af og til séð Óskar Árna á veitingahúsum, en þó ekki mjög oft. Hún heyrði þá aldrei

munnhöggvast. Ákærði vildi ekki, að hún væri að heilsa Óskari Árna eða hafa nein samskipti við hann. Hún taldi ekki, að ákærði hefði borið haturshug til Óskars Árna, en sagði, að hann hefði ekki talað við fólk, sem honum geðjaðist ekki að.

Gunnar Hólm Karlsson hreingerningamaður, Dalalandi 7, fæddur 21. maí 1955, hefur skýrt frá því fyrir dómi, að hann hafi orðið áhorfandi að því á Þorlákssmessu 1979, að ákærði og Óskar Árni, sem hann þekkti báða, áttu orðaskipti á veitingastaðnum Hollywood. Meira vissi vitnið ekki um samskipti þeirra.

Ingunn Sigurgeirsdóttir nemi, Laugavegi 147, fædd 25. desember 1957, hefur skýrt frá því fyrir dómi, að um áramótin 1978 - 1979 hafi hún verið með Óskari Árna í veitingahúsinu Hollywood. Var þetta sennilega um jóla-leytið. Með þeim tveimur var kunningi Óskars Árna, Gunnar Hólm. Hún mundi, að í veitingahúsinu þreif maður í Óskar Árna, og þeir deildu eitt-hvað. Hún þekkti ekki mann þennan. Hún mundi, að Gunnar Hólm spurði Óskar, hvort hann þekkti manninn. Hann kvaðst kannast við manninn, en ekki þekkja hann.

Márus Blomsterberg kjötiðnaðarmaður, til heimilis að Lambastekk 2, fæddur 15 janúar 1927, hefur mætt fyrir dómi vegna máls þessa. Hann var faðir Óskars Árna. Hann kvaðst hafa undir höndum nótu frá Nýju Sendibílastöðinni, dagsetta 7. desember 1982. Þar er kvittað fyrir móttöku ökugjalds með nafnnúmeri, sem hann síðar sannreynði, að var nafnnúmer ákærða. Reikningurinn var fyrir akstur á kjötvörum, sem sendar voru til fyrirtækis hans frá versluninni Viði. Hann fól þeim Óskari Árna og Ómari Kristvinssyni að hjálpa til að losa vörurnar úr sendibífreiðinni. Hann fylgdist á lengdar með því verki og einnig með ágreiningi, sem kom upp eftir losun bifreiðarinnar. Þá heyrðist háreysti og Óskar Árni kallaði til hans og spurði, hvort hann ætti að taka við rusli úr bifreiðinni. Hann svaraði, að það kæmi ekki til greina. Í framhaldi af þessu og eftir að hafa fengið greiðslu fyrir aksturinn skellti bifreiðastjórinn tvisvar hurðum, svo glumdi í. Vitnið vissi ekki til þess, að Óskar Árni þekkti bifreiðastjóran.

Ómar Kristvinsson verslunarmaður, Breiðvangi 4 í Hafnarfirði, fæddur 9. maí 1950, hefur gefið skýrslu fyrir dómi. Hann var mágur Óskars Árna. Hann minntist þess, að í fyrri hluta desember 1982 kom sendiferðabifreið frá Nýju Sendibílastöðinni með vörur frá versluninni Viði að Kjöti og áleggi, þar sem hann vann. Bifreiðinni var ekið að vörumóttöku, og hjálpuðu þeir Óskar Árni bifreiðastjóranum að losa kjötvörur úr bifreiðinni. Ekkert benti til þess, að bifreiðastjórinn og Óskar Árni þekktust. Þegar losun var lokið, óskaði bifreiðastjórinn eftir að fá að setja pappa undan kjötvörinni inn í kjötvinnsluna. Þá kastaðist í kekki milli mannsins og Óskars Árna. Óskar Árni vildi ekki taka við pappanum. Hann sagði mat-

vörur vera í vinnslunni og þar allt yfirfullt. Ómari fannst bifreiðastjórinn vera fljótur að reiðast. Hann taldi deilur þessar vera barnalegar og fór á brott. Meira vissi hann ekki um samskipti bifreiðastjórans og Óskars Árna.

Ákærði þekkti Óskar Árna ekki með nafni fyrr en eftir atburði nýársnæt-
ur. Hann kannaðist við hann undir viðurnefninu Skari. Ómar Kristvinsson
hefur upplýst, að Óskar Árni hafi gengið undir þessu nafni meðal kunn-
ingja.

IV.

Neðangreind frásögn er byggð á skýrslu ákærða fyrir dómi hinn 3. júní 1983.

Ákærði stundaði atvinnu sína sem sendibifreiðastjóri á milli jóla og nýárs og fram eftir degi fimmtudaginn 30. desember. Um kvöldið þann dag fór hann ásamt kunningja sínum, Páli Imsland, á heimili Kristjönu Rögnu Jensdóttur að Kleppsvegi 42. Á 4. hæð þar til vinstri hafði Kristjana íbúð á leigu ásamt annarri konu, sem ekki var í borginni um áramótin. Auk Kristjönu var þar stödd Bryndís Snorradóttir. Ákærði hafði þá þekkt Bryndísi í um það bil eitt og hálf ár. Kynni þeirra voru nán síðustu mánuð-
ina, en þau höfðu þó ekki búið saman. Ákærði hafði þekkt Kristjönu í jafnlangan tíma og komið nokkrum sinnum á heimili hennar. Ákærði neytti áfengis, eftir að hann kom í íbúðina. Nálægt miðnætti fóru þau fjögur í veitingahúsið Klúbbinn. Þar neytti ákærði einnig áfengis. Á milli klukkan 4.00 og 4.30 kom ákærði heim til sín. Hann bjó þá á Njálsgötu 79, en var skráður til lögheimilis að Njörvasundi 49. Ákærði var orðinn mjög drukinn, þegar hann kom heim. Hann vaknaði milli klukkan 10.00 og 11.00 næsta dag og var þá enn drukinn. Skömmu síðar fór hann heim til Páls Imsland að Snorrabraut 48. Hann var þar til um klukkan 15.00 og voru þeir Páll við áfengisdrykkju. Frá Páli fór ákærði heim til sín og reyndi að sofna, en gat það ekki. Um klukkan 19.00 fór hann aftur heim til Páls, en þangað var hann boðinn í mat. Þar hélt hann áfram áfengis-
neyslu. Um klukkan 21.00 fór hann til annars kunningja síns á Grettisgötu og hélt þar enn áfram drykkju. Nokkru fyrir miðnætti fór hann enn heim til Páls, en hafði þar stutta dvöl. Þaðan fór hann heim til sín og sótti þangað peninga. Eftir það fór hann á heimili bróður síns, Benedikts, að Grettisgötu 67. Hann telur, að þangað hafi hann komið rétt eftir miðnætti. Benedikt var ekki heima, en stúlka var þar að gæta barna. Hjá henni fékk hann að vita, að Benedikt væri staddur hjá Inga Valgeirssyni að Laugarnes-
vegi 88. Eftir að hafa talað við bróður sinn í síma fór ákærði í leigubifreið að Laugarnesvegi 88. Ákærði var með geneverbrúsa meðferðis og drakk úr flöskunni á heimili Inga. Eftir nokkra veru þarna, eða um klukkan 2.00 að því er ákærði telur, fór annað fólk, sem statt var þar á dansleik. Ákærði

hafði enga löngun til að verða því samferða. Varð það úr, að hann ákvað að fara að Kleppsvegi 42, en ákærða hafði verið boðið að koma þangað á nýársnótt, og stutt var að fara þangað.

Er ákærði kom á Kleppsveg 42, hafði hann meðferðis geneverbrúsann, en lítið var orðið eftir í honum. Ákærði telur, að klukkan hafi verið rúmlega 2.00, þegar hann kom á Kleppsveginn. Hann man, að þá voru þar fyrir Kristjana Jensdóttir og Bryndís Snorradóttir. Um þetta leyti var ákærði orðinn mjög drukkinn, þreyttur og svefnvana. Hann á erfitt með að tímasetja, hvenær aðrir komu í samkvæmið. Ákærði man, að í samkvæminu var Hafsteinn Viðar, bróðir Kristjönu, tvær stúlkur og annar piltur. Ákærði getur ekki fullrytt neitt um það, hvort þetta fólk var komið á undan honum.

Þegar ákærði kom á Kleppsveg, settist hann í þriggja sæta sófa, sem var undir glugga við suðurvegg stofunnar. Bryndís sat í sófanum honum til vinstri handar, en Kristjana í tveggja sæta sófa við vesturvegg stofunnar. Gegnt þriggja sæta sófanum var stóll, og á milli sófans og stólsins var ílangt ferkantað sófaborð.

Ákærði man, að einhver maður og stúlka litu við í íbúðinni, en veit ekki, hver þau voru.

Ákærði man, að hann hélt áfram drykkju, eftir að hann kom á Kleppsveginn. Hann minnir, að hann hafi klárað það áfengi, sem hann kom með, og fengið meira áfengi hjá öðrum. Ákærði man, að von var á tveimur varnarliðsmönnum í samkvæmið. Þegar dyrabjöllunni var hringt, bjóst hann við, að það væru þeir, og varð mjög undrandi, þegar hann sá, að þar var kominn Óskar Árni Blomsterberg. Ákærði vissi ekki til þess, að Óskar Árni þekkti þarna nokkra manneskju. Ákærði man, að Óskar Árni talaði fyrst við Kristjönu, eftir að hann kom. Síðan settist hann í stólinn, sem stóð andspænis sófanum, sem ákærði sat í. Ákærði man, að þeir Óskar Árni byrjuðu fljótt að karpa út af fyrri samskiptum, bæði í Þórscafé og hjá fyrirtækinu Kjöti og áleggi í desember sl. Ákærði kveðst telja, að hann hafi átt upphafið að þessu karpi, en Óskar Árni hafi ekki þóst muna eftir fyrri samskiptum þeirra. Ákærði kveðst ekki muna eftir neinum orðaskiptum milli Bryndísar og Óskars Árna. Ákærði man, að þegar Óskar Árni kom, sagði hann við Bryndísi: „Hvað er þetta fifl að gera hérna?“ Einnig man ákærði, að Bryndís bað Kristjönu að koma Óskari Árna burt, því hann væri bara til leiðinda.

Minni ákærða um atburði næturinnar er mjög slitrótt, og segir hann það vera algengt hjá sér eftir mikla drykkju.

Ákærði kveðst muna, að Hafsteinn bað hann um að koma fram í eldhús. Hann minnir, að pilturinn, sem kom með Hafsteini, hafi einnig verið þar inni. Ákærði telur, að Hafsteinn hafi kallað sig fram í eldhús vegna deilna

þeirra Óskars Árna. Ákærði fullyrðir, að aðeins hafi verið talað um almenn mál þarna í eldhúsinu. Hann minnst þess ekki að hafa talað um Óskar Árna né haft þau ummæli þar, að hann ætlaði að drepa Óskar Árna.

Ákærði tók eldhúshníf í eldhúsinu. Ekki man hann, hvar hann tók hnífinn í eldhúsinu né heldur hvort einhver sá hann gera það. Ákærði segir, að þegar hann tók hnífinn, hafi hann gert það til að geta hrætt Óskar Árna með hnífnum, ef til átaka kæmi milli þeirra, en ákærði vissi, að hann var enginn maður til að standa í slagsmálum sökum ölvunar. Hann kveðst aldrei hafa ætlað að drepa Óskar Árna með hnífnum. Ákærði telur, að hann hafi leynt hnífnum í klæðum sínum eða skóm, þegar hann fór úr eldhúsinu inn í stofuna. Hann getur ekkert fullyrt um það, á hvern hátt hann leyndi hnífnum. Hann man ekki, hvaða manneskjur voru í stofunni, þegar hann kom þar aftur inn. Ákærði kveðst hafa sest í sófann, þar sem hann sat áður, og héldu þeir Óskar Árni áfram að rífast. Ákærða minnir, að Óskar Árni hafi staðið upp úr stólnum og hann sjálfur strax á eftir. Eftir það tókust þeir fangbrögðum, og gerðist það á svæði, sem afmarkaðist af austurenda sófaborðsins og sjónvarpstæki. Þegar þeir tókust á, var ákærði með hnífinn í hægri hendi. Ákærði ætlaði að rífa sig lausan með því að berja Óskar Árna með hnífsskaftinu á milli herðablaðanna, en áður en til þess kom í átökunum, hafði ákærði barið Óskar Árna með hnúum hægri handar, þar sem hann hélt einnig á hnífnum. Ákærði gerði sér ekki grein fyrir, hvernig hnífurinn snéri í hendi hans, fyrr en þeir tveir hrukku sundur, en þá varð honum litið á hægri hönd sína og sá þá, hvernig hnífurinn snéri, eða öfugt við það, sem hann hafði ætlað, þ.e. hnífblaðið stóð upp úr greip hægri handar, en snéri ekki niður, eins og ákærði hafði haldið. Ákærði heyrði kurra í Óskari Árna og sá einnig á látbragði hans, að hann hafði slasast.

Ákærði telur, að átökum þeirra tveggja hafi lokið bak við stólinn, sem Óskar Árni hafði áður setið í. Ákærði minnst þess að hafa séð Óskar ganga frá þessu svæði í átt að svaladyrum. Næst minnst hann þess að hafa séð Óskar Árna á gólfinu við arininn, en þá fyrst sá hann blóðbletti á gólfinu. Ákærði man, að hann bað einhvern um að hringja á sjúkrabifreið og ítrekaði hann þá ósk. Hann man, að hann sá Óskar Árna halda áfram að skriða eftir gólfinu í stofunni. Hann man, að þau Bryndís sátu saman í sófa og biðu komu lögreglunnar. Ákærða rámar í að hafa stungið hnífnum niður í sófaborð, eftir að verknaðurinn var framinn. Ákærði kveðst hafa sett hnífinn þar, til þess að lögreglan gæti gengið beint að honum. Hann rámar í, að Kristjana hafi ætlað að fjarlægja hnífinn af borðinu. Hann minnst þess ekki að hafa stungið hnífnum nema einu sinni í borðið. Hann kannast ekki við að hafa stungið í frakka Óskars Árna að framanverðu.

Í þinghaldi hinn 16. júní var að ósk verjanda borin undir ákærða sú

staðhæfing hans hjá geðlækni, að Óskar Árni hefði að öllum líkindum verið með plastpoka með áfengisflösku í hendinni, og að hann hefði talið, að Óskar ætlaði e.t.v. að slá sig með flöskunni. Ákærði kannaðist við að hafa sagt læknum þetta og jafnframt sagt, að hann myndi óljóst eftir atburðum. Hann óskaði að taka fram, að hann hefði talið þetta vera rétt, þegar hann sagði læknum það.

Verður nú rakinn framburður vitna fyrir dómi.

Kristjana Ragna Jensdóttir, ráðskona að Setbergi í Nesjahreppi í Hornafirði, fædd 27. júní 1955, áður búsett að Kleppsvegi 42, kvaðst hafa boðið Bryndísi Snorradóttur og ákærða heim til sín á nýársnótt. Gerðist þetta á milli jóla og nýárs. Einnig bauð vitnið bróður sínum, Hafsteini Viðari, vinkonu hans, Helgu Móeiði Arnardóttur, og loks kunningjafólki sínu, Björgu Ólafsdóttur og Sigurði Arnórssyni. Vitnið var á heimili foreldra sinna á gamlárskvöld. Stuttu eftir miðnætti sótti Bryndís vitnið, og fóru þær á Kleppsveginn. Þegar hér var komið sögu, hafði vitnið aðeins drukkið úr 2-3 glösum af rauðvíni. Vitnið átti óátekna flösku af genever heima hjá sér. Eftir að þangað var komið, byrjaði vitnið að neyta áfengis í ríkum mæli. Vitnið kvaðst hafa átt vanda til þess í seinni tíð að muna ekki eftir atburðum, sem gerðust á þeim tíma, er það neytti verulegs magns áfengis.

Vitnið taldi, að fyrstu gestirnir, sem komu á eftir þeim Bryndísi, hafi verið Hafsteinn Viðar, Helga Móeiður Arnardóttir, Elín Óladóttir og Sigurbjörn Gísli Aðalsteinsson. Ekki treysti vitnið sér til að staðhæfa neitt um tímasetningar varðandi komu gesta. Vitnið minnti, að ákærði hefði komið á eftir fyrrgreindu fólki og taldi, að hann hefði ekki verið ölvaðri en aðrir. Vitnið mundi, að spilað var á hljómplötur, fólk spjallaði saman og myndir voru teknar. Vitnið mundi, að Sigurður Arnórsson og Björg Ólafsdóttir komu, en höfðu stutta viðdvöl.

Vitnið mundi, að Óskar Árni hringdi og boðaði komu sína. Annað hvort þegar hann hringdi eða eftir að hann kom sagði hann vitninu, að hann væri á leið heim til sín og myndi aðeins hafa stutta viðdvöl. Vitnið hafði þekkt Óskar Árna í 11-12 ár. Samgangur þeirra var litill seinustu árin. Vitnið minnti, að um áramótin hafi verið liðinn um það bil mánuður frá því það hitti Óskar Árna á dansstað. Vitnið kunni enga skýringu á því, að Óskar Árni fór ekki úr frakkanum. Vitnið er þó þeirrar skoðunar, að það hafi verið vegna þess, að hann ætlaði ekki að dveljast lengi þar á heimilinu. Ekki vissi vitnið til þess, að þeir ákærði og Óskar Árni þekktust.

Vitnið sagðist muna atburðarásina mjög óglögg eftir komu Óskars Árna. Vitnið minnti, að Óskar Árni hefði sest í stól á móti þriggja sæta sófanum, en gat ekki sagt, hver eða hverjir sátu á móti honum. Ekki minntist vitnið þess að hafa heyrt þá ákærða og Óskar Árna rífast, en mundi þó, að þeir voru að tala saman. Vitnið mundi, að það sagði við þá, að ef þeir þyrftu

að slást, skyldu þeir gera það úti. Vitnið sagði, að þetta hefði átt að vera gamanmál og hefði það ekki skynjað, að alvara væri í tali þeirra. Vitnið mundi, að það var að sýna Óskari Árna myndir, þar sem hann sat í stólnum. Hið næsta, sem vitnið mundi, var, að það vaknaði í þriggja sæta sófanum. Vitnið sat þá í sófanum miðjum, en Óskar Árni var því til hægri handar með annað hnéð á gólfinu. Vitnið leit á það sem sjálfgefið, að hann væri drukkinn. Vitnið mundi, að það fór fram á salerni og hafði orð á því á leiðinni þangað við Óskar Árna, að hann mætti fá að sofa í sófanum og skyldi vitnið láta hann fá teppi. Ekki minntist vitnið þess að hafa tekið eftir öðrum manneskjum á leið inn á salernið.

Vitnið mundi, að þegar það kom til baka, sá það Óskar Árna vera að skriða á gólfinu nálægt spegli sunnan við fatahengi. Hann skreiddi í átt að símanum og kom blóð út úr honum. Eftir þetta hringdi vitnið á lögreglu. Vitnið mundi, að það og Bryndís reyndu að hlúa að Óskari Árna, þar sem hann lá.

Vitninu var í dómi sýndur hnífur sá, sem rannsóknarlögregla ríkisins tók í íbúðinni að Kleppsvegi á nýársdagsmorgun. Vitnið kvaðst ekki eiga hnífinn. Vitnið sagði ýmis eldhúshöld hafa fylgt íbúðinni og hafi hnífur, sem leit eins eða svipað út, verið í íbúðinni og þá í eigu meðleigjanda vitnisins eða íbúðareiganda. Vitnið sagði, að það og Bryndís Snorradóttir hefðu verið við matseld í eldhúsinu á gamlárstag, en fullyrti, að það hefði ekki notað hníf þennan. Ekki gat vitnið sagt um það, í hvaða skúffu hnífurinn var geymdur, en sagði eldhúshnífa hafa verið í 2-3 skúffum í eldhúsinu. Vitnið kvaðst enga minningu hafa um hníf þennan í sambandi við málið.

Bryndís Snorradóttir starfsstúlka, til heimilis að Breiðagerði 29, fædd 28. febrúar 1954, kvaðst hafa komið ásamt Kristjönu á Kleppsveg 42 á milli klukkan tólf og hálf eitt á nýársnótt. Nokkru síðar kom Hafsteinn Viðar ásamt öðrum pilti og tveimur stúlkum. Ákærði kom um klukkan tvö, en ákveðið hafði verið, þegar hann var þarna í íbúðinni um það bil viku áður, að hann kæmi á nýársnótt. Um þetta leyti var fólk orðið all ölvað. Þetta átti þó ekki við um stúlkurnar tvær, sem komu með Hafsteini Viðari. Vitnið neytti ekki áfengis fyrr en eftir miðnætti. Það var orðið þó nokkuð ölvað, þegar ákærði kom, og hélt áfram drykkju eftir það. Vitnið mundi, að eftir komu ofangreindra gesta hringdi síminn. Vitnið svaraði. Karlmaður var í símanum. Hann kynnti sig, og var það Óskar Árni. Nokkru síðar kom hann. Vitnið kannaðist ekki við manninn. Vitnið minnti, að maðurinn hefði komið með áfengi í poka. Ekki gat vitnið upplýst, hvers vegna hann fór ekki úr frakkanum. Hann settist í stól gegnt þriggja sæta sófanum, en í sófanum sat ákærði og vitnið. Vitnið mundi, að ákærði sagði við Óskar, að hann væri ekki búinn að gleyma honum, en Óskar lét eins og hann vissi ekki, hver ákærði væri. Þeir héldu áfram að karpa. Ekki mundi

vitnið efnislega, hvað fór á milli þeirra. Þetta karp varð til þess, jafnframt því að vitnið var orðið syfjað, að það fór inn í svefnherbergið á norðurhliðinni og lagðist þar til svefns. Vitnið kveðst engin orðaskipti hafa átt við Óskar Árna, en kannaðist við að hafa haft orð á því við Kristjönu, að maður þessi væri til leiðinda og ætti að láta hann fara. Þegar vitnið fór inn í svefnherbergið, bað það ákærða að koma með sér, og sagðist hann myndi koma fljótlega. Ekki kvaðst vitnið minnst þess, að þeir Hafsteinn og pilturinn, sem kom með honum, hafi lagt leið sína inn í svefnherbergið, eftir að það kom þangað. Hið næsta, sem vitnið kvaðst muna, var, að ákærði kom inn í svefnherbergið og vakti það. Hann sagði vitninu, að hann hefði stungið mann. Vitnið trúði honum ekki og sagði honum að koma að sofa. Ákærði fór þá á brott, en kom eftir smástund og endurtók staðhæfinguna. Vitnið fór þá fram og sá Óskar Árna liggjandi við símann. Vitnið hringdi þá á sjúkrabífreid. Blóð gekk úr munni Óskars Árna, og sótti vitnið skál til að hann gæti hrækt í hana.

Vitninu var sýndur hnífurinn, sem fannst blóðugur í eldhússkúffu að Kleppsvegi 42. Vitnið kannaðist við að hafa séð hnífinn í eldhússkúffu, en kannaðist ekki við að hafa notað hann við matseld á gamlársdag. Vitnið var spurt, hvort það hefði sett hnífinn í eldhússkúffuna, eftir að Óskar Árni var veginn. Vitnið kvaðst ekki hafa gert það. Eftir komu lögreglunnar sat vitnið hjá ákærða á stól við hringborð í arinstofu. Vitnið fullyrti, að þegar það stóð upp úr stólnum, hafi það séð brauðhníf á sófaborðinu við þriggja sæta sófann. Þetta var um það leyti sem lögreglan fór á brott með ákærða.

Helga Móeiður Arnardóttir nemi, til heimilis að Vorsabæ 3, fædd 6. nóvember 1964, kvaðst hafa komið að Kleppsvegi 42 um klukkan tvö. Áður en þangað kom, hafði vitnið drukkið einn eða tvo sopa af áfengisblöndu. Vitnið drakk ekki meira áfengi um nóttina og fann ekki til neinna áfengisáhrifa. Vitnið var málkunnugt ákærða og þekkti hann sem kærasta Bryndísar. Vitnið sagði, að þegar það og Elín voru í stofunni, virtist sem ákærði hefði ekki áhuga á að tala við þær og sýndist hann jafnvel vera í vondu skapi. Þetta álit vitnisins byggðist einnig á því, að það sá ákærða þjóta upp úr stól inn á salerni og skella á eftir sér. Þetta gerðist áður en Óskar Árni kom.

Vitninu og Elínu leiddist í samkvæminu. Af þeim sökum fóru þær tvær inn í svefnherbergi í suðurenda íbúðarinnar og spjölluðu þar saman, en áður höfðu þær talað við þá Hafstein og Sigurbjörn í eldhúsinu og óskað eftir, að þau færu heim. Þegar vitnið og Elín fóru inn í svefnherbergið, var Bryndís komin inn í hitt svefnherbergið. Önnur þeirra spurði hana, hvort hún væri líka að fara að sofa, og svaraði hún því játandi.

Nokkru eftir að vitnið og Elín fóru inn í svefnherbergið, tók vitnið eftir

mannaferðum. Var þetta sennilega um klukkan 4. Vitnið leit fram og sá, að þar var kominn maður, sem vitnið kannaðist ekki við, og sá vitnið Kristjönu hlaupa í fangið á honum. Stuttu eftir komu mannsins, sem var Óskar Árni, kom hann í dyragættina hjá vitninu. Skiptust þau á nokkrum orðum, og urðu samskipti þeirra ekki meiri. Næst var vitninu minnisstætt, að Hafsteinn kom inn í herbergið og hafði orð á því, að ákærði og ókunni maðurinn væru að rifast. Nokkru eftir þetta heyrði vitnið brothljóð. Vitnið og Elín fóru þá fram í stofu. Þá sá vitnið Óskar Árna í þriggja sæta sófanum. Hann lá þar á hliðinni með fæturna á gólfinu, en Kristjana var honum til vinstri handar. Kristjana virtist vera ofurólvi, en vitnið sá hana þó ýta við Óskari Árna. Ákærði stóð þá hinum megin við sófaborðið. Vitnið sá hann henda hníf í borðið og stóð hnífurinn þar fastur. Þeir Hafsteinn og Sigurbjörn voru þá staddir á svæðinu milli tveggja sæta sófans og sófaborðsins. Þeir skipuðu vitninu og Elínu að fara aftur inn í herbergið, sem þær og gerðu. Vitnið minntist þess ekki að hafa heyrt ákærða segja neitt. Ekki tók vitnið eftir blóði neins staðar. Rétt eftir að vitnið og Elín fóru inn í herbergið, komu þeir Sigurbjörn og Hafsteinn æðandi þangað. Þeir sögðu ákærða hafa stungið mann. Ruku þau þá öll út úr íbúðinni. Vitnið tók ekki eftir neinu á leiðinni út, heldur einblíndi það á útidyrhurdina.

Vitnið heyrði Hafstein Viðar segja frá því, sennilega meðan þau biðu úti eftir lögreglu, að ákærði hefði sagst ætla að drepa manninn og væri ástæðan sú, að maður þessi hefði fyrir nokkrum árum ásamt öðrum barið hann.

Elín Óladóttir nemi, til heimilis að Sæviðarsundi 9, fædd 30. ágúst 1965, kvaðst hafa drukkið lítið áfengi á gamlárskvöld og nýársnótt og ekki orðið ölvuð. Vitnið þekkti ekki annað fólk í samkvæminu en þau Hafstein, Sigurbjörn og Helgu. Vitnið minnti, að ákærði hefði verið í íbúðinni, þegar það kom þangað. Vitnið minntist þess, að það og Helga fóru inn í eldhús, eftir að Óskar Árni var kominn. Þá voru þeir Hafsteinn og Sigurbjörn að tala við ákærða þar. Vitnið hlustaði ekkert á samtal þeirra og fór skömmu síðar með Helgu inn í svefnherbergi.

Vitnið vissi, að ákærði og Óskar Árni höfðu verið að deila, en gat ekki gert grein fyrir því, á hvern hátt það skynjaði þetta.

Þegar vitnið og Helga voru staddir í svefnherberginu, heyrðist hávaði frammi. Þær fóru þá inn í stofu. Vitnið sá þá Óskar liggja á brúninni á sófa þar. Kristjana var einnig í sófanum, en vitnið tók ekki nánar eftir henni. Ákærði stóð við endann á sófaborðinu. Hann var með hníf í hendi og kastaði honum nokkrum sinnum í sófaborðið. Hann sagði eitthvað á þá leið, að ef einhver ætlaði að taka hnífinn, myndi hann kála honum. Ekki sá vitnið blóð neins staðar. Þeir Hafsteinn og Sigurbjörn drifu stúlurnar strax inn í svefnherbergi, en komu örstuttu síðar og sögðu, að maður

hefði verið stunginn með hníf. Þau ruku þá öll út. Á leiðinni tók vitnið ekki eftir neinu í stofunni. Nokkru eftir að lögreglan var komin, sagði Hafsteinn vitninu og Helgu, að hann hefði heyrt ákærða segja við sig og Sigurbjörn inni í eldhúsi, að hann ætlaði að drepa Óskar, því hann hefði ásamt þrem öðrum lamið sig fyrir nokkrum árum.

Hafsteinn Viðar Jensson nemi, til heimilis að Meistaravöllum 35, fæddur 7. mars 1961, kvaðst hafa komið að Kleppsvegi um klukkan tvö. Þá hafði vitnið meðferðis Bacardi flösku. Áður hafði vitnið fengið sér tvær eða þrjár vínblöndur úr flöskunni. Vitnið taldi ekki ósennilegt, að það hefði síðar drukkið sjálft mest allt það áfengi, sem var í flöskunni, og kvaðst það hafa verið orðið all ölvað, þegar á nóttina leið.

Vitnið kannaðist við ákærða vegna kunningsskapar hans við Kristjönu og hafði áður séð hann þar á heimilinu. Að mati vitnisins var ákærði drukinn, en ekkert ólíkur því, sem vitnið hafði séð hann áður undir svipuðum kringumstæðum. Vitnið og Sigurbjörn héldu sig mest í eldhúsinu og ræddu sín mál. Átti þetta einkum við um síðari hluta nætur.

Það fyrsta, sem vitnið sá til Óskars, var, að hann kíkti inn í eldhúsið. Vitnið mundi ekki, hvort skipst var á orðum. Vitnið þekkti manninn ekki. Ekki mundi vitnið örugglega eftir því að hafa heyrt rifrildi í stofunni, en tók þó fram, að það og Sigurbjörn hafi verið við áfengisneyslu og haft lítinn áhuga fyrir hinum. Vitnið mundi, að þær Helga og Elín komu inn í eldhúsið og vildu fara að komast á brott. Einnig mundi vitnið eftir því, að ákærði kom inn í eldhúsið. Vitnið minnti, að þá hafi stúlkurnar ekki verið þar inni. Vitnið mundi, að ákærði hafði orð á því, að Óskar Árni hefði ráðist að honum fyrir nokkrum árum og farið illa með hann, þannig að þurft hefði að sauma sár. Vitnið mundi, að ákærði hafði orð á því, að hann ætlaði að drepa Óskar Árna. Vitnið tók ekki mark á þessu tali, en fór þó inn í svefnherbergið, þar sem Bryndis var, til að reyna að koma í veg fyrir rifrildi. Bað það hana að fara inn í stofu. Hún var sofnuð og sinnti ekki þessum tilmælum. Á þessum tíma grunaði vitnið ekki, að neitt slíkt væri í aðsigi, sem síðar varð. Hið næsta, sem vitnið mundi, var, að það stóð nálagt arninum, að því er það minnti, og sá þaðan úr nokkurri fjarlægð til ákærða og Óskars Árna. Vitnið taldi sennilegt, að það hefði þá áður heyrt hávaða. Óskar Árni snéri baki í vitnið og stóð við enda sófans. Ákærði hélt undir hendur hans og utan um hann með kreppta hnafa við bak hans. Vitnið gat ekki fullyrt, hvort það hafi séð hníf í hendi ákærða. Ekki gat það heldur sagt, hvar Óskar Árni hafði handleggina. Þetta mundi vitnið sem augnabliksmynd og jafnframt að það fékk á tilfinninguna, að eitthvað væri að gerast. Næst mundi vitnið, að það sá Óskar Árna liggjandi í sófanum. Þar var Kristjana einnig, annað hvort sofandi eða ofurölvi. Vitnið mundi, að ákærði henti hníf oftast en einu sinni í sófa-

borðið. Það mundi, að Sigurbjörn ætlaði að taka hnifinn, en ákærði sagði honum að snerta hann ekki. Vitnið bað Sigurbjörn einnig að láta hnifinn vera. Um þetta leyti skildi vitnið, að eitthvað voðalegt hafði gerst. Ekki gat vitnið útskýrt, hvernig það fékk þennan skilning, en það rauk inn til stúlnkanna og dreif þær út úr íbúðinni. Á leiðinni út sá vitnið Óskar Árna vera að skriða á gólfinu og spýttist blóð upp úr honum.

Vitnið sá ákærða aldrei vera með hníf fyrir átökin.

Sigurbjörn Gísli Aðalsteinsson nemi, til heimilis að Urðarbakka 20, fæddur 25. september 1963, kvaðst hafa komið heim til Hafsteins Viðars nokkru eftir miðnætti. Eftir það gat vitnið ekki fullyrt með neinni nákvæmni um tímasetningar. Vitnið var verulega undir áhrifum áfengis, þegar það kom á Kleppsveginn, og hélt það þar áfram drykkju. Fyrst eftir komuna, var vitnið inni í stofu og spjallaði þar við annað fólk, en þegar leið á nóttina, hélt vitnið sig mikið með Hafsteini inni í eldhúsi, þar sem þeir spjölluðu um sín mál. Vitnið mundi ekkert eftir komu Óskars Árna, sem það þekkti ekki, en mundi þó, að það sá hann, eftir að hann var kominn inn í stofu. Ekki minntist vitnið þess að hafa vitað af neinu rifrildi í stofunni á þessum tíma. Nokkru eftir komu Óskars Árna birtist ákærði í eldhúsinu. Þá var vitnið þar ásamt Hafsteini Viðari. Vitnið mundi ekki sérstaklega eftir öðrum mannaferðum í eldhúsinu, meðan ákærði var þar. Fyrst í stað töluðu þeir þrír um daginn og veginn, en síðan barst talið að Óskari, sem ákærði sagði, að hefði stuðlað að því, að hann hefði verið barinn og hefði andlit hans farið illa út úr því. Hann hafði orð á því, að hann ætlaði að drepa Óskar Árna. Vitnið tók þetta ekki alvarlega, en bað þó ákærða að vera ekki að stofna til neinna illinda. Vitnið sá ákærða ekki með hníf í eldhúsinu. Vitnið kvaðst hafa skynjað, að þeir ákærði og Óskar Árni voru að rífast. Ekki mundi vitnið eftir neinum orðum þeirra. Vitnið mundi heldur ekki eftir því, hvort þeir sátu þá eða stóðu. Vitnið ætlaði að hafa afskipti af deilum þeirra, en Hafsteinn Viðar taldi það af því. Vitnið skynjaði ekki, að alvarlegir atburðir væru í aðsigi. Vitnið leitaði að herbergi því, sem Elín og Helga voru í, og sá þá Bryndísi í gegnum opnar dyr í öðru herbergi. Vitnið bað hana þá að skilja þá að, ákærða og Óskar Árna. Hún var hálfsofandi, og var svar hennar neikvætt. Nokkru síðar, en vitnið getur ekki sagt til um tímalengdina, fór vitnið inn í stofu að tveggja sæta sófanum. Þegar vitnið kom inn í stofuna, eða þegar vitnið var komið að tveggja sæta sófanum, en vitnið mundi ekki glögg, hvort heldur var, sagði Hafsteinn við vitnið: „Sástu þetta? Hann stakk hann.“ Vitnið sá Óskar Árna sitja í sófa og kúra sig saman. Vitnið minnti, að þá hefði Kristjana einnig verið í sófanum. Vitnið sá, að ákærði stóð hjá stólnum við sófaborðið. Vitnið sá hníf á sófaborðinu og tók hann, en ákærði þreif hann af vitninu, stakk honum í borðið og sagði, að þessi hnífur yrði ekki snertur meir.

Einnig sagði hann: „Þetta er búið. Kallið á lögguna.“ Ekki minntist vitnið þess, að ákærði segði neitt meira. Næsta, sem vitnið mundi, var, að Hafsteinn Viðar þreif í það. Þeir ruku inn til stúlkanna og drifu þær út úr íbúðinni. Á leiðinni komst vitnið að raun um, að Kristjana átti í einhverjum vandræðum með símann. Varð þetta til þess, að vitnið og Hafsteinn báðu leigubifreiðastjóra, sem þeir hittu fyrir utan húsið, að hafa samband við lögreglu og sjúkrabifreið, en á þessum tíma vissi vitnið, að alvarlegur atburður hafði orðið. Ekki gat vitnið fullyrt um það, hvort það sá til Óskars Árna, er það fór út úr íbúðinni.

Vitnið mundi, að Bryndís beindi þeim tilmælum til þeirra, sem þarna voru, að þau segðu lögreglunni ekki frá því, hver hefði stungið manninn.

Þórdís Sigfúsdóttir skrifstofumaður, Selásbletti 11 A, fædd 3. júní 1964, sambýliskona Óskars Árna, taldi, að klukkan hafi verið um 2.30-3.30, þegar vitnið og Óskar Árni komu að Selásbletti 11 á nýársnótt. Húsið að Selásbletti 11 gengur undir nafninu Hátún og snýr að Norðlingabraut. Skömmu eftir að þau komu heim, heyrði vitnið, að Óskar Árni hringdi í fleiri en einn aðilja, m.a. til eins kunningja síns. Loks hringdi hann á leigubifreið. Hann sagði vitninu, að hann ætlaði að heimsækja foreldra sína og ættmenn í næsta húsi við þá. Fyrr um nóttina hafði Óskar Árni reynt að fá gesti heim til sín, en þeir treystu sér ekki þangað vegna ófærðar. All löngu eftir að hringt var á leigubifreið, var hringt frá stöðinni og sagt, að bifreiðin kæmist ekki á áfangastað vegna ófærðar. Af þessum sökum ók vitnið Óskari Árna í jeppabifreið á Suðurlandsveg, þar sem leigubifreiðin beið. Að mati vitnisins var Óskar Árni alls ekki ölvaður, þegar hann fór að heiman.

Vitnið sagði, að í bifreið þeirra hafi verið ferköntuð vodkaflasa í bréf-poka. Poki þessi var í plastpoka ásamt gosdrykkjarflöskum. Vitnið sagði, að vera kynni, að Óskar Árni hefði tekið poka þennan með sér.

Vitnið fullyrti, að ekki hefðu verið göt á framhlið frakka Óskars Árna. Frakkinn var nýlega kominn úr hreinsun. Vitnið taldi fullvíst, að Óskar hefði ekki notað frakkann, ef göt hefðu verið á honum.

Vitnið Heiðar Margeirsson strætisvagnabílstjóri, til heimilis að Rjúpufelli 40, fæddur 1. maí 1945, skýrði frá því, að það hefði ekið að Hátúni við Norðlingabraut á nýársnótt, en þá var vitnið í leiguakstri. Þangað sótti vitnið einn farþega. Farþeginn var Óskar Árni. Þetta vissi vitnið, því það kannaðist við mynd af Óskari Árna, sem fylgdi eftirmælum um hann. Vitnið ók fyrst um það bil 300-400 metra inn á Norðlingabraut, en hún reyndist ófær. Eftir talstöðvarviðskipti við bifreiðastöðina var vitninu tjáð, að farþeginn kæmi í jeppa til móts við vitnið. Nokkru síðar kom farþeginn. Honum var ekið rakleiðis að Kleppsvegi 42, en hann tók það fram, að þangað ætlaði hann til að byrja með. Þegar komið var á Kleppsveginn,

bað hann vitnið að bíða. Mjög fljótlega kom hann aftur út og gerði upp reikninginn við vitnið. Hann tók þá með sér plastpoka, sem hann hafði verið með. Vitnið sá, að í pokanum var óátekin eins lítra coca-cola flaska og átekin vodkaflaska.

Farþeginn kom vitninu mjög vel fyrir sjónir. Hann var kurteis og ræðinn. Vitnið sagði, að ef það hefði ekki séð hann hafa áfengisflösku meðferðis, hefði það fullyrt, að maðurinn hefði verið ódrukkinn.

Vitnið kannaði dagbók bifreiðastöðvarinnar Bæjarleiða varðandi akstur leigubifreiða á nýársnótt. Tímasetning er í upphafi hvernar opnu í dagbókinni, en ekki við hvert útkall. Sú opna, sem kallið að Hátúni er ritað á, hefst með tímasetningunni 3.15. Það er mat vitnisins, að kallið hafi komið um kl. 3.30. Vitnið var þá stadd í Árbæjarhverfi. Vitnið taldi sennilegt, þegar tekið er tillit til færðar og bíðarinnar á Norðlingabraut, að a.m.k. hálf klukkustund hafi liðið frá útkallinu, þar til farþeginn fór út við Kleppsveg.

V.

Ákærði er sem fyrr segir fæddur í Reykjavík hinn 20. ágúst 1957. Hann var alinn upp hjá foreldrum sínum og næstelstur af 4 alsystkinum. Ekki er vitað um ættgenga sjúkdóma í ætt hans, sérstaklega ekki geðveiki. Hann kveðst hafa verið meðalnemandi, en ekki haft áhuga á náminu. Hann mun hafa verið 11 eða 12 ára gamall, þegar lögreglan hafði fyrst afskipti af honum vegna minni háttar afbrota. Að hans sögn voru kunningjar hans gjarnan eldri en hann sjálfur, og fór hann fljótlega að hanga með þeim fyrir utan skemmtistaði, sem aftur leiddi til vaxandi áfengisneyslu og slagsmála.

Ákærði hóf að starfa sem verkamaður á sumrin 14 ára. Eftir að skyldunámi lauk, stundaði hann mestmagnis sjómennsku fram að tvítugs aldri og var þá ýmist á farskipum, togurum eða fiskibátum. Eftir það vann hann í um það bil þrjú og hálf ár hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Síðan vann hann á loftpressu í hálf ár. Hann var eftir það á einni vertíð í Grundarfirði, en starfaði sem vörubifreiðastjóri eftir það, fyrst í atvinnu hjá öðrum en í janúar 1982 keypti hann sér sendiferðabifreið og hóf sjálfstæðan atvinnurekstur. Hann lenti í umtalsverðum fjárhagserfiðleikum, eftir að hann skildi við eiginkonu sína og keypti sér íbúð að Njálsgötu 79.

Ákærði gekk í hjónaband í desember 1978. Þau hjónin fengu lögskilnað í mars 1982. Saman eiga þau dóttur, sem fædd er 1978. Að sögn fyrrverandi eiginkonu hans sinni hann barninu eðlilega eftir skilnaðinn og þá einkum síðustu mánuði ársins 1982, er hann hafði barnið nánast um hverja helgi.

Ákærði kveðst fyrst hafa neytt áfengis 12 ára gamall. Hélt hann síðan áfram að fíkta við áfengi fram til 14 eða 15 ára aldurs, þegar hann drakk

sig fyrst meðvitundarlausan. Hann drakk helst á skólaböllum, sennilega vegna feimni. Eitt sinn drakk hann svo ótæpilega, að hann varð veikur, og varð faðir hans að sækja hann á skólaball. Hann tók fyrst eftir minnisleysi 15 eða 16 ára gamall, og um það leyti fór hann einnig að drekka áfengi í meira en einn dag í senn. Hann varð var við aukið áfengisþol um tvítugt, og það kom fyrir, að hann drakk 3 daga í röð, og þá yfirleitt um helgar og nánast aldrei á virkum dögum. Hann hefur lengst drukkið samfelldt í 3 daga, en þó drakk hann eitt sinn meira og minna í 3 vikur, þegar hann var á sjónum. Fyrir einu til einu og hálfu ári fór að bera á morgunskjálfta og miklum svita og svefntruflunum, en hann hefur aldrei fengið delerium tremens eða flog. Hann kveðst hafa prófað cannabis tvisvar eða þrisvar og ennfremur prófað ýmis róandi lyf, en ekki neytt slíkra efna eða lyfja að staðaldri. Hann kveðst aldrei hafa neytt örvandi lyfja eða ofskynjunarlyfja.

Ákærði hefur fjórum sinnum lent í fangageymslu lögreglunnar vegna ölvunar, þar af tvisvar á árinu 1982.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sætt refsingum, svo sem hér segir:

- 1974 21/11 Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaga.
- 1976 30/1 Reykjavík: Sátt, 6.000 kr. sekt fyrir brot gegn 259 gr. hegningarlaga og 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.
- 1976 19/4 Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot gegn 50. gr. umferðarlaga.
- 1976 8/7 Reykjavík: Sátt, 45.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Svíptur ökuleyfi 1 ár frá 25/11 1975.

Að tilhlutan rannsóknarlögreglu ríkisins rannsakaði Hannes Pétursson yfirlæknir geðheilbrigði ákærða, og er meðal gagna málsins rækileg skýrsla um rannsókn þessa. Verður hér tekinn upp síðasti hluti skýrslu þessarar, þar á meðal niðurstöðukaflí:

„Ég tel að Þórður Jóhann Eypórsson sé ekki haldinn formlegri geðveiki (psychosis) og sýni ekki einkenni um meiri háttar taugaveiklunarviðbrögð (neurosis). Né heldur er Þórður haldinn greindarskorti. Hins vegar tel ég hann haldinn vægum persónuleikatrufunum (personality disorder), sem m. a. hafi komið fram sem kvíði og síðar atferlistruflanir í bernsku og einkum á unglingsárum. Af þeim tilfinningasamböndum, sem Þórður hefur myndað, má helst ráða að tilfinningalíf hans sé fremur yfirborðskennt og sjálfmiðað. Tíð skipti á atvinnu benda einnig til nokkurs rótleysis, og ennfremur er ljóst að Þórður Jóhann hefur misnotað áfengi um nokkurra ára bil, og að skapgerðarbrestra hans virðist helst verða vart undir áhrifum áfengis.

Í sambandi við aðdragandann að því atviki sem Þórður Jóhann er kærður fyrir, þá er ljóst að hann var ofurölvi þegar atburðurinn átti sér stað, hafði enda verið við áfengisdrykkju á annan sólarhring með litlum hvíldum. Þó líklegt megi teljast að ölvun hans hafi sljógvað dómgreind hans og sjálfstjórn þegar atburðurinn átti sér stað, þá tel ég raunveruleikamat og dómgreind Þórðar Jóhanns Eypórssonar sé annars óskert og hann teljist því fyllilega sakhæfur.“

VI.

Sannað er með játningu ákærða, framburði vitna og öðrum gögnum málsins, að ákærði réð Óskari Árna Blomsterberg bana hinn 1. janúar 1983. Sannað er með framburði vitna, að ákærði hafði viðhaft þau orð skömmu áður, að hann ætlaði að drepa Óskar Árna. Sjálfur kveðst hann hafa tekið hníf í eldhúsi til þess að geta hrætt Óskar Árna með honum, ef til átaka kæmi á milli þeirra, en hann kvaðst hafa vitað, að hann væri enginn maður til að standa í slagsmálum sökum ölvunar. Þrátt fyrir ummæli ákærða verður ekki talið fullsannað, að hann hafi sótt hníf í eldhúsið í þeim tilgangi að vega Óskar Árna. Hins vegar er ljóst, að ákærði hlaut að gera sér grein fyrir, hvaða afleiðingar það kynni að hafa þegar hann keyrði hníf fjórum sinnum í bak Óskars Árna. Verður því að reikna honum verknað þennan til ásetnings.

Ákærði hefur þannig unnið til refsingar samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun refsingar þykja refsilækkunarástæður ekki vera fyrir hendi. Refsing ákærða verður ákveðin fangelsi í 13 ár.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt, að gæsluvarðhaldsvist ákærða komi refsingunni til frádráttar, en ákærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald 1. janúar 1983 og hefur setið í því síðan.

Samkvæmt 141. gr. laga nr. 74, 1974 ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun verjanda síns, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur, og ennfremur málssóknarlaun til ríkissjóðs, 25.000 krónur, en sækjandi af hálfu ákæruvaldsins var Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þórður Jóhann Eypórsson, sæti fangelsi í 13 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald ákærða frá 1. janúar 1983 til 30. júní 1983.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 25.000, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.